



Mynd 1. Tekjuskattur fyrirtækja í aðildarríkjum OECD árin 2000 og 2006.



Heimild: OECD Tax database, tafla II.1.

Mynd 2. Skattlagning hagnaðar og arðs
í aðildarríkjum OECD árin 2000 og 2006 - Skatthlutföll



Heimild: OECD Tax database, tafla II.4.

I. Hækkun persónuafsláttar 2009 - 2011

Krónur	2008		2009 *		2010 *		2011 *		Hækkun	Hækkun
	Á mánuði	Árstölur	Á mánuði	Árstölur	Á mánuði	Árstölur	Á mánuði	Árstölur	2008-2011 %	2008-2009 %
I. Persónuafsláttur	34.034	408.409	36.034	432.409	38.034	456.409	41.034	460.009	20,6	5,9
Sérstök hækkun			2.000	24.000	2.000	24.000	3.000	3.600		
Skattleysismörk **	95.280	1.143.362	100.879	1.210.552	106.478	1.277.741	114.877	1.287.819	20,6	5,9

* Reiknað á föstu verðlagi. Ekki hefur verið tekið tillit til þeirrar hækkunar sem verður á persónuafslætti í upphafi árs vegna breytinga á vísitölu neysluverðs

** Óbreytt staðgreiðsluhlutfall, 35,72%

II. Breytingar á barnabótum

Krónur	2008		2008, endursk.		2009		Hækkun	Hækkun
	Árstöiur	Á mánuði	Árstöiur	Á mánuði	Árstöiur	Á mánuði	2008-2009 %	2007-2009 %
Tekjumörk barnabóta :								
Einstæðir foreldrar	1.207.746	100.646	1.440.000	120.000	1.800.000	150.000	49,0	61,3
Hjón	2.415.492	201.291	2.880.000	240.000	3.600.000	300.000	49,0	61,3
Skerðingarhlutfall bóta:								
Með einu barni	2%		2%		2%			
Með tveimur börnum	6%		5%		5%			
Með þremur börnum	8%		7%		7%			

Sérstakt minnisblað um c. lið 4. gr. frumvarps til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum. Þskj. 816 – 515. mál. Vaxtabætur.

Í c. lið 4. gr. frumvarpsins er lagt til að eignarkerðingarmörk vaxtabóta verði hækkuð um 35% við álagningu opinberra gjalda í ár. Þannig verða eignaskerðingarmörk vaxtabóta hjá einstaklingi 7.119.124 krónur og falla þær niður við 60% hærri fjárhæð eða 11.390.598 krónur. Eignaskerðingarmörk vaxtabóta hjá hjónum og sambúðarfólki verða 11.390.599 krónur og falla þær niður við 60% hærri fjárhæð eða 18.224.958 krónur.

Til upplýsinga fylgja hér með þær fjárhæðir vaxtabóta sem gilda vegna ársins 2008:

Stofn til útreiknings.

Vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta er sú fjárhæð sem lægst er af a), b) og c).

- a) Vaxtagjöld samkvæmt reit 87 og/eða 166 á framtali.
- b) 5% af eftirstöðvum skulda samkvæmt reit 41, 45 eða 167.
- c) Hámark vaxtagjalda, sem er:

Hjá einhleypingi kr. 524.469.

Hjá einstæðu foreldri kr. 688.517.

Hjá hjónum og sambúðarfólki kr. 852.562.

Tekjutenging.

Frá vaxtagjöldum skv. framansögðu dragast 6% af tekjustofni og er mismunurinn vaxtabætur. Tekjustofn til útreiknings vaxtabóta er frábrugðinn tekjuskattsstofni að því leyti að fjármagnstekjur eru meðtaldar og laun frá alþjóðastofnunum sem ekki eru skattlögð koma inn í tekjustofn til útreiknings á vaxtabótum.

Eignatenging.

Vaxtabætur, eins og þær eru reiknaðar út hér að ofan, skerðast ef eignir að frádregnum skuldum fara yfir mörk, sem eru fyrir gildistöku frumvarpsins:

Hjá einhleypingi/einst. foreldri kr. 5.273.425.

Hjá hjónum/sambúðarfólki kr. 8.437.481.

Réttur til vaxtabóta fellur niður um leið og nettóeign verður fyrir gildistöku frumvarpsins:

Hjá einhleypingi/einst. foreldri kr. 8.437.480.

Hjá hjónum/sambúðarfólki kr. 13.499.970.

Reiknaðar vaxtabætur geta að hámarki orðið:

Fyrir einhleyping kr. 179.713.

Fyrir einstætt foreldri kr. 231.125.

Fyrir hjón og sambúðarfólk kr. 297.194.

Vaxtabætur skiptast jafnt á milli hjóna/sambúðarfólks. Vaxtabætur sem eru lægri en kr. 655 á mann falla niður.

Sérstakt minnisblað um 2. gr. frumvarps til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum. Þskj. 816 – 515. mál. Vínarsamningurinn og fleira.

Í lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, er ítarlega skilgreint hvað teljist vera skattskyldar tekjur og hvað ekki og hvaða frádrættir eru heimilaðir á móti skattskyldum tekjum. Ákvæði um aðila undanþegna skattskyldu er að finna í 4. gr. laganna. Þær reglur sem gilda um frádrátt á móti staðaruppbót fela í sér frávik frá hinni almennu reglu laganna um skattlagningu heildartekna og er að finna í 2. málsl. 2. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna.

Af launatekjum sem greiddar eru embættismönnum, fulltrúum og öðrum starfsmönnum sem starfa hjá alþjóðastofnunum eða ríkjasamtökum reiknast ekki tekjuskattur eða útsvar ef kveðið er á um skattfrelsi í samningum sem Ísland er aðili að. Sama á við um staðaruppbót sem greidd er vegna starfa erlendis í þjónustu hins íslenska ríkis. Þeir einir teljast starfa erlendis í þessu sambandi sem eru fastráðnir, settir eða skipaðir starfsmenn við sendiráð Íslands, hjá sendiræðismönnum eða eru fastafulltrúar Íslands við alþjóðastofnanir sem Ísland er aðili að.

Laun eða staðaruppbætur eru framtalsskyldar. Tilgreina þarf frá hvaða stofnun launin eða staðaruppbæturnar eru og fjárhæð þeirra. Þessar tekjur hafa áhrif á útreikning vaxtabóta og barnabóta. Með tekjuskattsstofni í 4. mgr. A- og B-liðar 68. gr. laga nr. 90/2003 (barnabætur og vaxtabætur) er átt við tekjur skv. II. kafla laganna með nánar tilgreindum undantekningum. Til tekjuskattsstofns í skilningi ákvæðisins teljast samkvæmt því einnig tekjur vegna staðaruppbóta sem greiddar eru vegna starfa erlendis í þjónustu hins íslenska ríkis.

Í tillögu frumvarpsins felst að skipta á tekjum starfsmanna Þróunarsamvinnustofnunar Íslands sem greiddar eru vegna starfa þeirra upp í laun og staðaruppbót. Hjá starfsmönnum utanríkisþjónustunnar er staðaruppbótin, sem er frádráttarbær og því í raun skattfrjáls, að jafnaði jafnhá laununum, en launin eru skattskyld.

Í þessu samhengi ber að hafa í huga að staðaruppbót er ætlað að koma til móts við rask á fjölskylduhögum starfsmannanna þegar þeir þurfa að flytja úr landi, einir eða með fjölskyldu sína og reka þar heimili erlendis.

Þá skal vakin athygli á því stílbroti sem felst í því að kveða á um heimildir til frádráttar manna frá tekjum í sérlægum eins og var í eldri lögum um Þróunarsamvinnustofnun Íslands nr. 43/1981. Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands en þau lög fella brott eldri lögin frá 1981. Þykir fara best á því að heimildir til frádráttar manna frá tekjum séu í tekjuskattslögunum. Nægir þar að benda á 2. tölul. A-liðar 30. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, þar sem sérstaklega er kveðið á um þær skattundanþágur sem í gildi eru í tilviki launamanna og jafnframt hvaða launamenn teljist falla undir umrædd undanþáguákvæði.

2. tölul. A-liðar 30. gr. tekjuskattslaga, nr. 90/2003, er fjallar um frádrátt manna frá tekjum utan atvinnurekstrar er svohljóðandi:

„Launatekjur sem greiddar eru embættismönnum, fulltrúum og öðrum starfsmönnum sem starfa hjá alþjóðastofnunum eða ríkjasamtökum enda sé kveðið á um skattfrelsið í samningum sem Ísland er aðili að. Staðaruppbót sem greidd er vegna starfa erlendis í þjónustu hins íslenska ríkis. Þeir einir teljast starfa erlendis í þessu sambandi sem eru fastráðnir, settir eða skipaðir starfsmenn við sendiráð Íslands, hjá sendiræðismönnum eða eru fastafulltrúar Íslands við alþjóðastofnanir sem Ísland er aðili að.“

Í öðrum töluliðum A-liðar ákvæðisins er fjallað um frádráttarheimildir manna hvað varðar ökutækjastyrki, dagpeninga, ferða- og dvalarkostnað, ættleiðingarstyrki, lífeyrisréttindi og tiltekin happdrætti.

4. gr. tekjuskattslaga er fjallar um aðila sem undanþegnir eru skattskyldu er svohljóðandi:

„Þessir aðilar greiða ekki tekjuskatt:

- 1. Ríkissjóður, ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki sem hann rekur og ber ótakmarkaða ábyrgð á svo og Fiskifélag Íslands.*
- 2. Sýslu- og sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir sem þau reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á.*
- 3. Erlend ríki og alþjóðastofnanir, af fasteignum sem þær nota vegna viðurkenndrar starfsemi sinnar hér á landi.*
- 4. Þeir lögaðilar sem um ræðir í 2. gr. og hér eiga heimili, ef þeir verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla og hafa það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum.*
- 5. Félag, sjóðir og stofnanir, sbr. 5. tölul. 2. gr., sem ekki reka atvinnu.*
- 6. Lífeyrissjóðir sem starfa skv. III. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og starfstengdir eftirlaunasjóðir sem heimild hafa til að taka á móti iðgjöldum til myndunar eftirlaunaréttar samkvæmt lögum nr. 78/2007, um starfstengda eftirlaunasjóði.*
- 7. Aðilar sem undanþegnir eru skattskyldu með sérstökum lögum.“*

